

**Nd.**

**184. Nefndarálit**

[47. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum. Hún hefur einnig fengið til viðtals iðnaðarmálaráðherra, skipaskoðunarstjóra og verksmiðjuskóðunarstjóra og rætt málið við þá.

Að þessari athugun lokinni leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkurri breytingu.

Öll nefndin leggur til, að á frumvarpinu verði gerð eftirfarandi

**BREYTING:**

Í stað 12.—15. gr. frv. komi ný gr. (verður 12. gr.), svo hljóðandi:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum öryggismálastjóra [og öryggisráðs], reglur um ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, er vinna í verksmiðjum, verkstæðum, verzlunarstöðum, skrifstofum, við fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga og við aðra starfsemi, eftir því sem ástæða þykir til. Í reglum þessum skulu m. a. sett fyrirmæli um stærð og fyrirkomulag húsnæðis þess, sem unnið er í, hitun þess, hreinlætisútbúnað og aðrar ráðstafanir, er gera þarf til verndar heilsu verkamanna.

Tveir nefndarmenn (SkG og AE) áskilja sér rétt til að flytja fleiri breytingartillögur og taka fram, að fylgi þeirra við frv. geti oltið á því, hvernig fer um þessar breytingartillögur.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Gunnar Thoroddsen,  
form.

Andrés Eyjólfsson,  
fundaskr.

Emil Jónsson,  
frsm.

Skúli Guðmundsson.

Sigurður Guðnason.